

## **Framhaldsskóli við utanverðan Eyjafjörð fyrsti fundur skólanefndar 12. maí 2009**

Skólanefnd framhaldsskóla við utanverðan Eyjafjörð var skipuð með bréfi 24. apríl síðastliðinn. Aðalmenn án tilnefningar eru Anna Sigríður Hjaltadóttir, Bergþór Morthens og Helgi Jóhannsson og aðalmenn tilnefndir af Héraðsnefnd eru Jóna Vilhelmina Héðinsdóttir og Jónína Magnúsdóttir.

Þórir Ólafsson í menntamálaráðuneytinu boðaði til fundarins sem var haldinn 12. maí í Höllinni á Ólafsfirði. Auk hans og nefndarinnar sátu fundinn Karl Kristjánsson og Sölvi Sveinsson úr menntamálaráðuneytinu, Þórir Kr. Þórisson bæjarstjóri og Karitas Skarphéðinsdóttir fræðslufulltrúi Fjallabyggðar. Dagskrá fundarins var svo hljóðandi:

1. Kynning fundarmanna
2. Byggingarnefnd kynnt (skipunarbréf)
3. Lög um framhaldsskóla kynnt
4. Verkefni skólanefndar FÚE (skýrsla)
5. Kynnt samkomulag um skólann frá 16. Mars
6. Staða undirbúnings skólahalds
7. Kjör formanns skólanefndar
8. Önnur mál

Þórir dreifði gögnum til fundarmanna sem lutu að hverjum lið. Eftirfarandi kom fram:

Þórir fór yfir hlutverk skólanefndar skv. lögum og lét þess getið að nú væri hlutverk nefndarinnar í raun aukið frá lögum 1996 þar sem skólar bæru nú sjálfir ábyrgð á skipulagi náms og uppsetningu brauta, auk þess sem núverandi lög væru í meira mæli nemendamiðuð en hin eldri sem á sinn hátt voru stofnanamiðuð, ef hlutirnir eru einfaldaðir. Skólanefnd kæmi að námsframboði, fjármálum o.fl. svo sem rakið er í 5. gr. framhaldsskólalaga.

Farið var yfir samkomulagið frá 16. mars um forsendur skólans, en hann yrði rekinn á þremur stöðum næsta vetur ef tilskilinn nemendafjöldi sýnir náminu áhuga.

Karitas fór yfir horfur hvað varðar nemendur á Siglufirði og í Ólafsfirði. Einungis einn nem. í 10. bekk er ákveðinn á Siglufirði, en 11 eldri nemendur sýna því áhuga að snúa aftur heim. Sjö eru ákveðnir í Ólafsfirði, einn á báðum áttum, en níu eldri nemendur vilja koma heim. Eldri nemendur á Dalvík sem luku grunnmenntaskólanum í vetur eru áhugasamir um áframhald. Staðan á 10. bekk í Dalvík er óráðin. Ákveðið var að gefa nemendum svigrúm til 19. maí eins og um var talað í upphafi.

Fram kom mjög skýrt að foreldrar vilja gjarnan hafa nemendur heima vegna fjárhagsástæðna auk þess sem það hefur uppeldisgildi. Einnig kom fram að sumir foreldrar veigruðu sér við að beita sér fyrir því að börn þeirra skiptu um skoðun og yrðu heima, m.a. vegna þess hve allt hefði verið óljóst um skólahaldið.

Fram kom að óþægilegt væri hvað rekstrarformið næsta vetur væri óljóst en Þórir tók fram að útfærslan væri einungis tæknileg því að fjármagnið lægi fyrir. Líklega mun VMA ráða þá starfsmenn sem að starfinu koma, verkefnisstjóra á hverjum stað sem helst þyrftu að geta kennt einhverja grein/greinar á framhaldsskólastigi, auk kennara til fjarnámsins.

Talið var eðlilegt og sjálfsagt að skólanefnd og bygginganefnd stæðu saman að þarfagreiningu vegna nýbyggingar fyrir skólann miðað við þá framtíðarsýn sem menn hafa. Allmargir aðilar málsins hafa skoðað Nýheima á Höfn og skólahúsið í Grundarfirði.

Fram komu áhyggjur vegna samgangna milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar, en í sumar verður komið fyrir sérstökum nemum í fjallshlíðinni sem gera viðvart ef snjóflóðahætta er á ferðum og lokast þá vegurinn meðan hættan varir.

Fram kom að undirritaður verður tengill menntamálaráðuneytisins við skólanefndina.

Eitt og annað var rætt undir liðnum önnur mál, en síðan viku gestir af fundi en nefndin sat eftir til að ræða saman í eigin hóp og til þess að kjósa formann til eins ár.

Sölvi Sveinsson

Viðauki: Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir var einróma kjörin formaður skólanefndar.